



Malbikunarstöð Hlaðbær-Colas hf
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 27. nóvember 2020
UST202003-123/H.R.A.
08.08.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 14. júlí sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks er fram kom í eftirliti stofnunarinnar í malbikunarstöð Hlaðbær-Colas Ammann 1- Norðurbik 1 – Ægisnesi 3 á Akureyri þann 3. júní. sl.

Frávik var eftirfarandi:

- 1. Gr. 2.5. í starfsleyfi:** Við mælingu á útblæstri í Ammann 1 stöðvarinnar í ágúst 2019 mældist ryk í útblæstri um 540 mg/Nm³ og því yfir leyfilegum mörkum. **Rekstraraðili hefur lagt fram til stofnunarinnar niðurstöður nýrra mælinga á ryki í útblæstri frá því í júní 2020 er nú undir viðmiðunarmörkum.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikki lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra